

Fundargerð 127. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2020, miðvikudaginn 19. ágúst kl. 12:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar á Teams og í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Magnea Hreinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir og Skúli Þór Helgason.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálu, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Gagnaöflun Hagstofu Íslands vegna skólahlads í leik- og grunnskólum (Valgerður Freyja Ágústsdóttir) - 2008015SA

Hagstofa Íslands sér um opinbera hagskýrslugerð í landinu og safnar margvíslegum tölulegum upplýsingum um íslenskt samfélag og vinnur úr og miðlar. Meðal annars safnar hún ýmsum upplýsingum um skólahlald í leik- og grunnskólum. Ákveðnum lykiltölum um skólahlald er miðlað á heimasíðu stofnunarinnar og hefur val á þeim tekið litlum breytingum um langt árabil. Leiða má líkum að því að sumar þeirra skipti litlu máli í dag, svo sem um einsetningu grunnskóla, og aðrar gefi jafnvel villandi mynd af skólastarfi samtímans. Enn fremur má velja því upp hvort safna ætti öðrum upplýsingum um skólahlald en nú er gert. Valgerður Freyja Ágústsdóttir fylgir málinu eftir.

Bókun:Fræðslumálanefnd sambandsins leggur til að stofnaður verði formlegur starfshópur með þátttöku sambandsins, menntamálaráðuneytis, Grunns og Hagstofu Íslands til þess að hefja slíka vinnu og beinir því til menntamálaráðuneytis að hafa frumkvæði að því að kalla slíkan hóp saman.

Valgerður Freyja vék af fundi.

2. Samráðsfundur á Covid-tímum 2020-2021 - 2008008SA

Skólastarf í leik- og grunnskólum er hafið eða að hefjast á nýjan leik í skugga Covid-19. Fræðslumálanefndarfulltrúar greindu frá stöðu mála í eigin sveitarfélögum. Þá var einnig rætt um þörf fyrir reglubundna samráðsfundi fræðslustjóra á landinu sem sambandið myndi boða til og skipuleggja í samráði við stjórn Grunns hverju sinni. Fram kom að óskað hefur verið eftir því að skólamálafulltrúi sambandsins sitji fundi skólamálanefndar SSH.

Niðurstaða: Skólamálafulltrúi mun, í samráði við stjórn Grunns, ræða útfærslu á

reglubundum samráðsvettvangi í framhaldi af þeim fundi, og aðkomu sambandsins.

3. Staða kjarasamningsmála við KÍ - 1810078SA

Viðræðuáætlun vegna kjarasamningagerðar við FG hefur verið framlengd og henni fylgir bókun. Gengið hefur verið frá kjarasamningi við SÍ, FL og FSL. Inga Rún Ólafsdóttir, formaður SNS tengdist inn á fundinn og ræddi við fræðslumálanefnd um stöðu mála og næstu skref á grundvelli viðræðuáætlunar.

Fræðslumálanefnd lýsti ánægju með gerða samninga og taldi þá skref í rétta átt. Fram kom að stefnt væri að einföldun og samhæfingu launataflna milli kennara og stjórnenda. Aukinn undirbúningstími sem samið var um í samningi við FL hefur leitt til vandkvæða í sumum sveitarfélögum við skipulag skólustarfs bæði vegna manneklu en einng þar sem hlutfall fagmenntaðra er hátt. Þessu hefur fylgt mikill kostnaðarauki. Í því samhengi var rætt hvort undirbúningstíma mætti úthluta á deild eða hvort hann teldist einstaklingsbundinn réttur tiltekinna starfsmanna. Ólík túlkun er uppi sem verður skoðuð frekar á vettvangi samstarfsnefndar SNS, FL og FSL.

Einar Már, Karl og Inga Rún viku af fundi.

4. Drög að breytingum á reglugerð um heimakennslu - 2007013SA

Menntamálaráðuneytið hyggst gera breytingar á reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi. Til stendur m.a. að gera breytingar á kröfu um kennsluréttindi foreldra til samræmis við þá sem fengið geta undaþágu til kennslu í grunnskóla frá Menntamálastofnun. Umsögn sambandsins var lögð fram til umræðu ásamt umsögn Hafnarfjarðarbæjar.

Talsverð umræða spannst um forsendur og fyrirkomulag heimakennslu og tók nefndin undir þau sjónarmið sem endurspeglast í umsögn sambandsins. Taldi nefndin jafnframt að skilyrði leyfisveitingar þyrfti að gera skýrari og þess hvar ákvarðanatökvald til leyfisveitingar lægi. Það er mat nefndarinnar að gefa þurfi tíma til frekari umræðu um þær breytingar sem reglugerðin boðar og samtal við vettang.

5. Endurskoðun 16. kafla aðalnámskrár grunnskóla um undanþágur frá skólasókn og skyldunámi - 1910026SA

Menntamálaráðuneytið hyggst gera breytingar á 16. kafla aðalnámskrár grunnskóla. Kaflinn fjallar um undanþágur frá aðalnámskrá, þ.m.t. skólasókn og skyldunámi, um heimakennslu, fjar- og dreifnám, viðurkenningu náms utan grunnskóla o.fl. Athugasemdir sambandsins voru lagðar fram til umræðu en menntamálaráðuneytið hefur boðað til fjölmenns samráðsfundar um breytingarnar.

Lögð voru fram fyrstu drög að endurskoðuðum kafla frá menntamálaráðuneytinu. Nefndi taldi mikla þörf á endurskoðun kaflans, ekki síst í ljósi þeirra miklu breytinga sem Covid-19 faraldurinn kallaði á í skipulagi skólustarfs í vor. Vænta mætti fjölgunar á beiðnum um undanþágur frá skólasókn og skyldunámi og því mikilvægt að kaflinn tæki af tvímæli um viðmið í því skyni og ákvarðanir væru vel rökstuddar. Þá þyrfti að skilgreina hugtök kaflans betur, t.a.m. hvar skilin milli fjarkennslu og heimakennslu ættu að liggja, tímatakmarkanir og heimildir skólastjórnenda og fræðsluyfirvalda til þess að hafna beiðnum foreldra þyrfti að skýra. Ný drög leggja auknar skyldur á

herðar sveitarfélögum t.d. vegna frístundaheimila, og ljóst að kostnaðarmat þarf að fara fram.

Nefndin leggur til að gefinn verði betri tími í endurskoðun kaflans með samtali við fræðsluyfirvöld í sveitarfélögum.

Skúli vék af fundi.

6. Morgunverðarfundir sambandsins um skólamál - 1601026SA

Rætt var um hvort sambandið ætti að taka upp rafræna morgunverðarfundir í vetur um málefni tengd skóla- og fræðslumálum. Fyrsti fundur ársins fór fram í febrúar og til stóð að halda fund 20. apríl um undanþágur frá skyldunámi og skólavist, heimakennslu, fjarkennslu og tvöfalda skólavist í leik- og grunnskólum.

Sambandið hefur fengið góða reynslu af því að halda fjölmenna fjarfundi. Fram kom vilji til þess hjá nefndinni að halda fundunum áfram með breyttu sniði því þörf væri á að fylgja enn frekar eftir niðurstöðum skólaþings frá í fyrra auk þess að taka til umfjöllunar breytingar eins og ræddar voru undir 5. lið, og skipt geta skólasamfélagi miklu máli.

7. Námsleyfi 2021-2022 - 2005001NA

Klara E. Finnbogadóttir, starfsmaður Námsleyfasjóðs, óskaði eftir hugmyndum fræðslumálanefndar að áherslum Námsleyfasjóðs vegna skólaársins 2021-2022.

Fram komu ábendingar um áherslusvið m.a. er varða hagnýtingu vefrænna lausna og tækniþáttar, þjálfun gagnrýnnar hugsunar og siðfræði í notkun upplýsingatækni, fjölmenningu og líðan hinsegin nemenda og mögulegt tenging áherslusviða við fyrirhugaðar breytingar á viðmiðunarstundaskrá.

8. Drög að breytingu á viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla - 2003030SA

Menntamálaráðuneytið óskaði eftir umsögn sambandsins um breytingu á viðmiðunarstundaskrá. Umsögn var send 17. mars sl. og fylgt eftir á fundi 18. ágúst. Valgerður Rún Benediktisdóttir reifaði helstu breytingar og forsendur hennar hjá menntamálaráðherra, sem kynnti þær um leið og niðurstöður PISA voru kynntar í fyrra.

Nefndin taldi að fyrirhugaðar breytingar gætu skert möguleika nemenda til að leggja stund á list- og verkgreinar en ráðherra hefur einnig lýst yfir vilja til að gefa þeim greinum aukið vægi í viðmiðunarstundaskrá. Sambandið leggur til í sinni umsögn að heildstæðari nálgun verði á viðmiðunarstundaskrá og taka hún mið af fleiri verkefnum sem áhrif hafa á þróun hennar. Þá mætti skoða að fjölga kennslustundum, draga úr fjölda "skertra daga" og lengja skólaárið í því skyni.

Einar Már kom aftur inn á fundinn undir þessum lið.

Skólamálafulltrúi þakkað Önnu Magneu Hreinsdóttur fyrir framlag sitt og þátttöku í fræðslumálanefnda en hún sat sinn síðasta fund. Anna Magnea er að hverfa til starfa hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Fundi var slitið kl. 14:00

Anna Magnea Hreinsdóttir

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason